

2015



[FJÖLMENNINGARÞING 2014]

Niðurstöður fjölmenningsarþings
Reykjavíkurborgar 15. nóvember 2014

Fjölmenningarþing Reykjavíkurborgar 2010, 2012 og 2014 í myndum



Efnisyfirlit:

1.	Inngangur	3
2.	Ráðgjöf og þjónusta við innflytjendur 1993-2014.....	4
3.	Fyrirkomulag fjölmenningsþings og undirbúningur	5
4.	Kosning í fjölmeningarráð Reykjavíkurborgar	5
5.	Helstu niðurstöður	6
5.1.	Fræðslumál.....	6
5.2.	Menntamál.....	7
5.3.	Móttaka nýrra íbúa í Reykjavík	9
5.4.	Réttindabarátta innflytjenda.....	11
5.5.	Gagnkvæm aðlögun	11
6.	Skilgreining hugtaka.....	12
7.	Tölfræði	13
8.	Samantekt.....	14

1. Inngangur

Fjölmenningarþing Reykjavíkurborgar var haldið í þriðja sinn 15. nóvember 2014 í Ráðhúsi Reykjavíkur. Þingið var skipulagt af mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar og var markmiðið með þinginu að skapa umræðu um málefni borgarinnar út frá sjónarhóli innflytjenda. Voru umræðuefnin fræðslumál, menntamál, móttaka nýrra íbúa, réttindabarátta innflytjenda og gagnkvæm aðlögun í Reykjavík. Unnið var í hópum, með borðstjóra og ritara á hverju borði. Fór vinnan fram á 11 tungumálum: íslensku, ensku, pólsku, litháísku, rússnesku, tælensku, víetnömsku, kínversku, lettnesku, spænsku og arabísku. Hátt í 200 manns sátu þingið og var þetta í fyrsta sinn sem boðið var upp á umræður á kínversku og lettnesku.

Áður hefur mannréttindaskrifstofa boðað til fjölmenningarþinga árin 2010 og 2012. Tilgangur þeirra er að skapa vettvang þar sem innflytjendur í borginni geti miðlað upplifun og reynslu af þjónustu borgarinnar og lagt fram sínar hugmyndir að bættri þjónustu.

Niðurstöður fyrri þinga hafa verið kynntar opinberlega fyrir almennum borgurum og fyrir ráðum og nefndum Reykjavíkurborgar, og hafa nýst við stefnumótum og við að bæta þjónustu við innflytjendur í borginni. Nálgastr má niðurstöðurnar á vefsíðu mannréttindaskrifstofu www.reykjavik.is/mannrettindi undir flokknum útgefið efni.



Frá setningu fjölmenningarþings, Dagur B. Eggertsson borgarstjóri ávarpar þingfulltrúa

2. Ráðgjöf og þjónusta við innflytjendur 1993-2014

Í ágúst 1993 hóf Upplýsinga- og menningarmiðstöð nýbúa starfsemi sína. Hún var rekin af Íþróttá- og tómstundaráði Reykjavíkur og hafði það hlutverk að þjóna foreldrum og börnum frá öðrum löndum sem búsettir voru á Íslandi.

Á árunum 1999 til 2001 var starfandi sérstök samstarfsnefnd þvert á stofnanir Reykjavíkurborgar. Hlutverk hennar var að kortleggja þjónustu við innflytjendur, kanna viðhorf innflytjenda til þjónustu og til íslensks samfélags, vinna að tillögum að fjölmenningsstefnu og stefnumótun borgarinnar í málefnum innflytjenda og koma með tillögur að nýju fyrirkomulagi í vinnu með innflytjendum. Til að sinna þessum verkefnum var lagt til að stofnað væri svo kallað Alþjóðahús sem yrði vettvangur samráðs og samstarfs, auk þess að sinna ráðgjafar- og þjónustuhlutverki við stofnanir og samtök. Lykilatriði var jafnframt að stofnunum sveitarfélaga og ríkis væri gert kleift að veita okkur öllum sem hér búum, hver sem uppruni okkar er, sem sambærilegasta þjónustu.

Árið 2001 hóf Alþjóðahús starfsemi sína, en það var þekkingar- og þjónustufyrirtæki á sviði fjölmennings og mannréttinda og tók við af Miðstöð nýbúa. Upphaflega var Alþjóðahús einkahlutafélag í eigu Reykjavíkurborgar, Hafnarfjarðarkaupstaðar, Kópavogsbæjar og Seltjarnarneskaupstaðar en 1. febrúar 2003 varð Alþjóðahús einkahlutafélag í eigu Reykjavíkurborgar, Kópavogsbæ, Reykjavíkurborg og Seltjarnarneskaupstað. Árið 2006 var starfsemi Alþjóðahúss seld einkaaðilum en það var enn með þjónustusamning við Reykjavíkurborg.

Árið 2010 var Alþjóðahúsið lagt niður og var þá ákveðið að nýta það fjármagn sem borgin hafði lagt í rekstur þess til að bjóða upp á miðlæga ráðgjöf og lögfræðiráðgjöf fyrir innflytjendur á vegum mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar.

Sumarið 2010 gerði mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar samning við Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða og Þjónustumiðstöð Breiðholts um að sjá um ráðgjöf fyrir innflytjendur í Reykjavík. Einnig var gerður samningur við Mannréttindaskrifstofu Íslands um lögfræðiráðgjöf við innflytjendur.

Seinni hluta sumars 2010 var ráðinn ráðgjafi í fullt starf hjá Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða og pólskumælandi þjónustufulltrúi og ráðgjafi í Þjónustumiðstöð Breiðholts. Auk þess var fenginn inn lögfræðingur í ráðgjöf í 30% starfi. Í nóvember 2011 gerði Velferðarráðuneytið samning við Mannréttindaskrifstofu Íslands um ókeypis lögfræðiráðgjöf við innflytjendur.

Í upphafi árs 2012 var ákveðið að auglýsa eftir pólskumælandi ráðgjafa til að starfa hjá mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar, en Pólverjar eru langstærsti innflytjendahópurinn á Íslandi. Í maí sama ár byrjaði félagsráðgjafi einnig að vinna á

skrifstofunni sem sérfræðingur í málefnum innflytjenda, flóttamanna og hælisleitenda. Um haustið tók tímabundið til starfa filippseyskur ráðgjafi í 50% starfi og sinnti einstaklingum sem koma frá Filippseyjum og öðrum innflytjendum sem töluðu ensku. Í mars 2013 ákveðið var að stækka ráðgjafa hópinn og ráðinn var í hlutastarf rússnesku- og litháískumælandi ráðgjafi. Þeir sem á þurfa að halda fá aðstoð túlks í viðtölum við starfsmenn. Vinnuaðstaða allra ráðgjafanna var fyrst í símaverinu í Borgartúni en í janúar 2014 fluttu þeir í Ráðhús Reykjavíkur og fer öll þjónusta fram þar.

3. Fyrirkomulag fjölmenningsþings og undirbúningur

Undirbúningur fjölmenningsþings Reykjavíkurborgar hófst á haustmánuðum 2014. Ákveðið var að halda þingið í Ráðhúsi Reykjavíkur að þessu sinni, laugardaginn 15. nóvember. Undirbúningsfundur var haldinn í Gerðubergi þann 8. október þar sem mannréttindaráð sat fyrir svörum og innflytjendum var boðið að koma og ræða á lifandi hátt hvernig næsta þing ætti að vera. Þar heyrðust raddir innflytjenda og komu fram hugmyndir að umræðuefnum þingsins. Nánast allt Ráðhúsið var nýtt undir fjölmenningsþingið; fundað var í hverjum krók og kima, matsal, borgarstjórnarsal, fundarherbergjum borgarráðs og á stigapöllum, og iðaði Ráðhúsið af lífi þennan laugardag.

4. Kosning í fjölmenningsráð Reykjavíkurborgar

Á þinginu fór fram kosning í fjölmenningsráð Reykjavíkurborgar og höfðu allir skráðir þingfulltrúar kosningarétt. Núverandi fulltrúar voru kosnir til tveggja ára og munu starfa fram til ársins 2016. Hlutverk fjölmenningsráðs er að starfa með mannréttindaráði og sviðum borgarinnar að málefnum innflytjenda.

Fulltrúar í fjölmenningsráði

Tomasz Chrapek, formaður (tilnefndur af borgarstjórn)

Marina de Quintanilha e Mendonça, varaformaður í 1 ár

Matthew Naiman

Zoë Robert

Björn Jón Bragason (tilnefndur af borgarstjórn)

Paul Fontaine, varamaður

Dominika Sigmundsson, varamaður

Elena Martínez Pérez, varamaður

Kjartan Jónsson, varamaður tilnefndur af borgarstjórn

Hildur Sverrisdóttir, varamaður tilnefndur af borgarstjórn



Fjölmenningsráð 2014-16 með fráfaramandi fulltrúum

5. Helstu niðurstöður

Eins og áður kom fram voru umræðuefnin menntamál, fræðslumál, móttaka nýrra íbúa í Reykjavík, réttindabarátta innflytjenda og gagnkvæm aðlögun. Í þessum kafla er að finna helstu niðurstöður úr umræðuhópum þingsins.

5.1. Fræðslumál

Undir þessum lið voru eftirfarandi spurningar?

Vantar þig meiri upplýsingar um íslenskt samfélag?

Þarf að fræða starfsfólk borgarinnar meira um málefni innflytjenda? Ef svo er, hvernig?

Flestir þátttakendur voru sammála um að meiri upplýsingar þurfi að vera til staðar og að fólk geti nálagast þær á auðveldan og áreynslulausan hátt á fleiri tungumálum. Þetta myndi gera innflytjendum kleift að aðlagast betur og hraðar í nýju samfélagi. Þátttakendur telja það jafnframt mikilvægt að þjónusta öll samtök innflytjenda, s.s. mismunandi þjóðahópa, svo að allar upplýsingar og fréttir nái að berast til allra og mikilvægar upplýsingar tapist ekki vegna skorts á upplýsingagjöf. Lausn á þessu væri að auka upplýsingargjöf á ýmsum tungumálum með því að virkja þjóðahópa og erlend menningarfélög. Til að það sé hægt þarf að styrkja félögin bæði fjárhagslega og efnislega. Setja mætti upp handbók eða heimasíðu með ítarlegum leiðbeiningum fyrir innflytjendur og óskað var eftir „One stop shop“, eða stað þar sem hægt er að nálgast allar upplýsingar á einum stað. Fólk nefndi hagnýta hluti s.s. um húsnæðis kaup, vinnumarkaðsmál, heilbrigðismál en einnig menningartengda hluti eins og siði og venjur tengda hátíðisdögum. Heildaryfirlit yfir þau atriði sem nefnd voru er í kafla 5.3 um móttöku nýrra íbúa í Reykjavík.

Varðandi fræðslu starfsfólks borgarinnar um málefni innflytjenda kom margt fróðlegt í ljós. Fram komu óskir um að ráða fleiri starfsmenn sem tali önnur tungumál í þjónustustörf, bæði hjá ríkisstofnunum og sveitafélögum. Bent var á að það þurfi að afla upplýsinga um innflytjendamál frá nágrannalöndunum, t.d. Svíþjóð, Danmörku, Noregi eða Frakklandi svo hægt sé að læra af því sem vel hefur tekist til og forðast það sem ekki hefur reynst eins vel. Gera þarf fjölmenningarfræðslu að skyldufagi í námi allra kennara. Málefni innflytjenda þurfa að vera sýnilegri, það þarf að fræða fleiri stofnanir, fyrirtæki og skóla hér á landi um málaflokkinn til að draga úr fordómum. Margar hugmyndir að aukinni fræðslu komu fram á þinginu um hvernig Reykjavíkurborg gæti frætt starfsfólks sitt og var þar megin áherslan á aukin samskipti og þekkingu á menningu og bakgrunni mismunandi hópa.

5.2. Menntamál

Undir þessum lið voru eftirfarandi spurningar:

Hvernig eru viðhorf starfsfólks skólanna?

Er upplýsingaflæði til foreldra nógu gott?

Tekur þú þátt í foreldrastarfi? Ef ekki, af hverju?

Rædd voru viðhorf starfsfólks leik- og grunnskóla til innflytjenda. Fram kom að almennt er viðhorf starfsfólks leik- og grunnskóla jákvætt. Starfsfólk er almennilegt og tekur vel á móti börnum innflytjenda og hefur skilning á mismunandi trú og menningu. Þó er augljóst að staðan er mismunandi eftir skólum. Staðan er mun verri hjá hópi sýnilegra innflytjenda eins og til dæmis barna frá Asíu. Asíubúar nefna oftar en aðrir neikvæð viðhorf kennara gagnvart börnum auk fordóma og upplifana af óréttlæti.

Staðhæfingar eru að finna í skólum um að börn innflytjenda séu öll eins og það sama gildir oft um börn frá sama landi. Bent var á að börn innflytjenda eru ekki einsleitur hópur og í raun mun fjölbreyttari og ólíkari sín á milli en börn Íslendinga en þó er tilhneiging til að líta framhjá því. Fram kom að mikill munur er á móttöku og aðstoð sem veitt er milli leikskóla og grunnskóla og að betra sé byrja skólagöngu í leikskóla, því þar fær fjölskyldan meiri stuðning en í grunnskólanum. Skólar eru ópersónulegri en leikskólar og það tekur mun lengri tíma fyrir börn og foreldra að mynda tengsl þar. Aðrir nefndu að starfsfólk leikskóla væri í sumum tilfellum ekki með næga menntun og að álagið á starfsfólk leikskólanna væri augljóslega of mikið. Sem dæmi um atriði sem hafi neikvæð áhrif á börn í skólum var nefnt þegar starfsmenn leggja sig ekki eftir því að læra að bera nöfn barnanna rétt fram, þau eru beðin um að búa til íslenska útgáfu af nafninu sínu, skipt er í hópa eftir uppruna og ekki blandað saman og börnum er bannað að tala móðurmálið sitt.

Ræddar voru tillögur að úrbótum og margir hópar bentu á þörf fyrir markvissa fræðslu og kennslu í fjölmenningu, ekki bara fyrir kennara heldur alla starfsmenn skóla og leikskóla. Námskeið í fjölmenningu þarf að vera skyldunámskeið fyrir alla kennara og aðra starfsmenn sem vinna með börnum. Auka mætti og efla fjölmenningarfræðslu fyrir starfsfólk með símenntun og á starfsdögum skólanna. Vanþekking skapar óöryggi bæði fyrir starfsmenn sem kunna ekki að bregðast við ákveðnum vandamálum sem varða innflytjendabörn auk þess finna börnin strax að viðbrögð eru ekki rétt. Ofangreind fræðsla getur komið í veg fyrir vanlíðan bæði barna og starfsfólks menntastofnana. Þátttakendur bentu líka á að starfsfólk menntastofnana þarf að endurspegla samsetningu samfélagsins. Það þarf að ráða fleiri innflytjendur (ekki bara í ræstingastörf) sem geta hjálpað börnum innflytjenda að tengjast og aðlagast nýjum aðstæðum. Það er þörf fyrir markvissa fordómafræðslu og gagnkvæma virðingu.

Meirihluti þátttakenda á þinginu taldi að upplýsingaskyldu væri ekki alltaf sinnt sem skyldi og foreldrar og börn ekki látin vita um ákveðin úrræði sem þeim standi til boða. Skilaboð sem send eru frá skólum til foreldra eru oft á of flókinni íslensku. Fram kom sú ósk að gott væri að fá skilaboð á auðskildu máli svo forðast megi misskilning. All flestir voru ánægðir með Mentor kerfið en nefndu það sem galla að það væri bara á íslensku. Gott væri einnig ef haldin væru námskeið fyrir erlenda foreldra um Mentor. Fram kom jafnframt að upplýsa mætti foreldra betur um möguleika þeirra á að fá aðstoð túlks. Nefnd voru dæmi þar sem erlendir starfsmenn leik- og grunnskóla og börn eru notuð sem túlkar án þess að hafa til þess hæfni eða næga þekkingu. Þegar ræddar voru úrbætur á kerfi menntastofnana kom það fram að upplýsingar/leiðbeiningar á vefsíðum leik- og grunnskóla væru ekki nógu aðgengilegar og að einnig mætti útbúa bók/skjál með helstu skilaboðum sem koma frá skóla fyrir fólk sem notar ekki eða hefur takmarkað aðgengi að tölvum. Það væri gott að spyrja foreldra hvers konar samskiptamáti væri hentugastur fyrir þau.

Aftur fannst þátttakendum að leikskólar stæðu sig betur í upplýsingamiðlun en grunnskólar. Þátttakendur bentu á mismunun í tengslum við þýðingar. Búið er til að mynda að þýða mikið af upplýsingum á pólsku, ensku, rússnesku á meðan ekki mikið er þýtt yfir á litháísku. Fram kom skýr ósk svarenda að fjölga kennurum af erlendum uppruna. Sú hugmynd kom upp í einum hópnum að senda „velkomin pakka“ til allra foreldra sem eru að flytja til Reykjavíkur. Pakkinn þarf að vera með upplýsingum um skóla og skólakerfið allt. Einnig var rætt um verkefnið „Menningarmót“ og það ætti að setja í alla skóla. Börn vilja fá tækifæri til að kynna hefðir frá heimalandi sínu og finna það sem er sameiginlegt, ekki tala bara um matarmenningu og klæðaburð.

Flestir þátttakendur fjölmeningarþingsins sem eiga börn taka þátt í foreldrastarfi. Ef ekki, er það er vegna tungumálaörðugleika. Almenn regla er að fólk sem talar og/eða skilur íslensku tekur þátt í foreldrastarfi og er meðvitað um hvað felst í því. Foreldrar sem tala hvorki íslensku né ensku eru einangraðir frá öðrum foreldrum. En einnig nefna þeir tímaskort sem ástæðu. Almennt eru allir opnir fyrir að kjósa erlenda foreldra í foreldrafélög og ráð/nefndir. Bent var á að ef um blandaða fjölskyldu er að ræða (íslensk/erlend) er íslenska foreldrið virkara í foreldrastarfi en það erlenda. Fram kom sú hugmynd hjá einum hópnum að erlend menningarfélög á Íslandi ættu að bjóðast til að hafa milligöngu á milli skóla og erlendra foreldra. Nefnt var fyrirmyndarverkefni í leikskólanum Ösp þar sem foreldrum var boðin íslenskukennsla. Þetta hafði mikil og jákvæð áhrif á virkni foreldra og mun örugglega hafa jákvæð áhrif áfram á öðrum skólastigum.

Fram kom hjá þátttakendum mikil ánægja með hópastarf eftir skólatíma og að Reykjavíkurborg styðji við móðurmálskennslu barna af erlendum uppruna.

Einnig kom fram sú rödd að börn aðlagast fljótar en foreldrarnir, svo að það kemur stundum fyrir að krakkar skammast sín fyrir foreldra sem til dæmis tala ekki íslensku.

Þetta getur skapað fleiri uppeldisvandamál og orðið til þess að foreldrar þeirra missi tókin. Afleiðingar þess eru að börn/unglingar vilja ekki vera í kringum foreldrana og eru undir áhrifum annarra hópa, sem getur haft neikvæð áhrif á fjölskyldutengsl og sjálfsmynd þeirra. Þátttakendur á fjölmenningsþingi bentu einnig á að ekki eru öll vandamál tengd tungumálaerfiðleikum, sérstaklega ef um ofbeldi á milli barna er að ræða. Það vantar betri aðstoð fyrir börn með hegðunarvandamál. Margir bentu á að það vantaði markvissari úrræði til aðlögunar fyrir nýflutt börn á fyrstu árum grunnskóla, það þurfi meiri íslenskukennslu og stuðning við heimanám og bregðast þurfi við yfirvofandi vanda áður en hann verður of stór. Mikilvægt væri að bjóða foreldrum í móttökuviðtal og kanna menntun nýflutts barns þar sem það bjó áður og smíða einstaklingsmiðaða námsskrá með það í huga. Að lokum var rætt um aukna áhersla á fræðslu fyrir kennara og starfsfólk um tvítyngi og að vöntun væri á fagaðilum innan skólana sem töluðu önnur tungumál.

5.3. Móttaka nýrra íbúa í Reykjavík

Undir þessum lið var spurt:

Hvað þarft þú að vita við komu til landsins?

Meirihluti þátttakenda óskar eftir að fá skýrar og aðgengilegar upplýsingar um hvað það er sem þarf að gera við komu til landsins. Um er að ræða grunnupplýsingar um íslenskt samfélag og helst á nokkrum tungumálum. Upplýsingar um uppbyggingu samfélagsins og helstu stofnanir og þjónustu þeirra, siði og venjur, menningarviðburði, hátíðisdaga o.fl. Einnig um velferðarmál, menntamál, heilbrigðiskerfið, skattamál, tryggingar, lífeyriskerfið, húsnæðismál o.fl. Mikilvægt er að allar upplýsingar séu aðgengilegar á netinu á mörgum tungumálum og það sé tryggt að þær séu uppfærðar reglulega. Margir óskuðu eftir að Alþjóðahús yrði opnað á ný og töluðu um mikilvægi þess að hafa að hafa stað þar sem hægt er að fá mikilvægar upplýsingar.

Hér eru tekin eru saman þau atriði sem talið var mikilvægt að fá upplýsingar um við komu til Reykjavíkur:

1. Velkomin til Reykjavíkur

Áður er komið er - hvaða gögn á að koma með, kostnaður

Tollar og búslóðaflutningar

Lögheimili

2. Sveitarfélagið

Þjónusta í boði

Hlutverk þjónustumiðstöðva

Sjálfböðavinna og að taka þátt í samfélaginu

3. Fjölskyldur og börn

Fjölskyldugerð, lögheimili barna

Réttindi barna

- Dagforeldrar, leikskólar, grunnskólar
Barnavernd
Hjúskapur, sameiginlegt forræði
Skilnaður
Móðurmál og íslenskukennsla
- 4. Menntun**
Fullorðinsfræðsla
Íslenskukennsla
Framhaldsskóli og háskóli
- 5. Heilbrigðiskerfið**
Heilsugæslan
Spítalar
Læknaravakt
Sjúkratryggingar
- 6. Atvinna**
Atvinnuleyfi
Réttindi /skyldur á vinnumarkaði og stéttarfélög
Stofnun fyrirtækis og sjálfstæður atvinnurekstur
Atvinnuleit
- 7. Húsnæði**
Húsnæðisleit
Leigusamningar
Húsaleigubætur
Fasteignakaup
- 8. Fjármál**
Fjárhagsaðstoð
Grunnframfærsla
- 9. Réttindamál og mannréttindi**
Lögreglan
Mannréttindaskrifstofa og mannréttindastefna
Heimilisofbeldi - Kvennaathvarf
Jafnrétti
Túlkun
- 10. Samgöngur**
Strætó
Bílastæðasjóður
- 11. Menning**
Söfn
Bókasöfn
Leik -og tónlistarhús

5.4. Réttindabarátta innflytjenda

Undir þessum lið voru eftirfarandi spurningar:

Tala innflytjendur fyrir sínum hagsmunamálum?

Eru hagsmunir allra þjóðarhópa þeir sömu?

Skortir stuðning við þjóðahópa? Ef svo er, hvað vantar?

Almennt er talið að innflytjendur hafi ekki nægar upplýsingar eða tungumálaþekkingu til að tala fyrir sínum hagsmunum. Það var einnig samróma álit þátttakenda það hagsmunir mismunandi þjóðahópa væru alls ekki þeir sömu. Staða innflytjenda frá löndum EES er betri en þeirra sem koma frá löndum utan EES.

Aftur kom fram sú ábending að það vanti meiri fjárhagslegan stuðning við félagasamtök innflytjenda og vettang til að koma saman og ræða málin. Auka þarf nærþjónustu og þekkingu á málefnum innflytjenda alls staðar í kerfinu.

5.5. Gagnkvæm aðlögun

Undir þessum lið voru eftirfarandi spurningar?

Er þér boðið að vera með í saumaklúbbum / spilaklúbbum / matarklúbbum og þess háttar?

Býður þú Íslendingum heim til þín eða eitthvað út eins og til dæmis í bíó?

Ertu í einhverju félagi, samtökum, skipulögðum íþróttum og/eða frístundum?

Áttu íslenska vini?

Við hverja talar þú í kaffitímum og í hádegismat á þínum vinnustað?

Finnst þér þú hafa aðlagast íslensku samfélagi? Ef ekki, hverjar eru hindranirnar?

Engum þátttakenda hafði verið boðið að vera með í saumklúbbi. Huga má að því hvort að orðið saumaklúbbur sé túlkað sem tólmstund af hálfu þátttakenda en ekki sá skilningur sem þorri Íslendinga leggur í saumaklúbb sem félagslega samkomu þar sem spjallað er og notið veitinga.

Varðandi að eiga frumkvæði að því að bjóða Íslendingum í heimsókn eða að fara í bíó svaraði um helmingur þátttakenda því játandi. Hinsvegar kom glöggst í ljós að þeim fannst að Íslendingar væru ekki nógu duglegir að bjóða á móti. Einnig kom í ljós út frá svörum þátttakenda að það er mun líklegra að þeim innflytjendum sem eiga íslenskan maka sé boðið heim og að boðið sé á móti. Flestir þátttakenda sögðust eiga íslenska vini, en þó voru nokkrir sem sögðu að þeir væru fáir og einnig kom í ljós að nokkrir eiga enga íslenska vini. Meirihluti þátttakenda tekur þátt í viðburðum sem skipulagðir eru af samlöndum þeirra (menningarviðburðum, starfi á vegum kirkjunnar, íþróttum og fleira). Þeir sem ekki taka þátt, segja það vera vegna tungumálaerfiðleika, skorts á sjálfstrausti og vegna þess hve erfitt sé að fá barnagæslu. Flestir tala við vinnufélaga sína og vilja helst blanda saman Íslendingum og innflytjendum. Þátttakendum finnst oft erfitt að aðlagast og hjá sumum gengur það mjög illa.

Einnig kom fram að innflytjendur vantar fleiri tækifæri til að spreyta sig, vinna með og blanda geði við Íslendinga. Vegna skorts á sjálfstrausti og hræðslu við að vera hafnað eru innflytjendur oft feimnir við að reyna að tala og taka fyrstu skrefin að vinskapi. Það er vöntun úrræða, eins og Alþjóðahús var, til að skapa vettvang fyrir samskipti og tryggja innflytjendum stað til að spyrja um réttindi sín og skyldur. Einnig væri gott að heyra fólk með hreim tala oftar í fjölmiðlum.

6. Skilgreining hugtaka

Margvísleg hugtök eru notuð í umræðunni um innflytjendur og ekki alltaf ljóst við hverja er átt. Hér eru tekin saman þau hugtök sem höfð eru til grundvallar í umræðu mannréttindaskrifstofa um málefni innflytjenda í Reykjavík:


- Innflytjandi** - einstaklingur sem fæddur er erlendis en flutt hefur til landsins.
- Erlendur ríkisborgari** – innflytjandi sem ekki hefur íslenskan ríkisborgararétt.
- Barn innflytjenda** – barn foreldra sem eru innflytjendur, óháð fæðingarlandi barnsins.
- Flóttamaður** – einstaklingur sem hefur fengið viðurkenningu á stöðu sinni sem flóttamaður af hálfu íslenskra stjórnvalda.
- Kvótaflóttamaður** - einstaklingur sem hefur fengið viðurkenningu á stöðu sinni sem flóttamaður af hálfu UN-HCR (Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna) og í kjölfar þess verið boðið af íslenskum stjórnvöldum að setjast að hérlandis.
- Hælisleitandi** – einstaklingur sem kemur og óskar eftir að fá hæli á Íslandi og viðurkenningu á stöðu sinni sem flóttamaður af hálfu íslenskra stjórnvalda.

Í tengslum við umræðu um málefni innflytjenda heyrast líka hugtök á borð við útlendingur, af erlendu bergi brotinn, af erlendum uppruna, nýbúi, síbúi og snúbúi en eru þau ekki notuð hér.


Réttindi innflytjenda eru mismunandi sem og þau skilyrði sem þeir þurfa að fullnægja til að dvelja á Íslandi. Fer réttarstaðan eftir því hvort fólk er með ríkisborgararétt á Norðurlöndunum, innan evrópska efnahagssvæðisins eða utan þess. Einnig er réttarstaða flóttamanna, kvótaflóttamanna og hælisleitenda mjög mismunandi.

7. Tölfræði

Innflytjendur í Reykjavík 1996-2015



Innflytjendur eftir hverfum 1998-2015



8. Samantekt

Niðurstöður þessa fjölmeningarþings eru í samræmi við niðurstöður fyrri þinga. Virðist það einkum vera tvennt sem brennur á innflytjendum: upplýsingar og samskipti. Fólk vill fá meiri upplýsingar, að þær séu aðgengilegri, auðveldara sé að finna þær og þær séu á fleiri tungumálum. Talsvert af þeim upplýsingum sem talað var um að þyrfti eru til nú þegar en svið borgarinnar þurfa að gera þær enn aðgengilegri. Einnig var kallað eftir því að skólar og aðrar stofnanir sýni meira frumkvæði í að upplýsa fólk um úrræði sem því standi til boða og hvar upplýsingar er að finna. Mikill áhugi var á að þeir sem nýfluttir væru til borgarinnar fengju „Velkomin til Reykjavíkur“ upplýsingapakka, eða bréf þar sem bent væri á slíkan pakka á netinu.

Margir kölluðu eftir því að upplýsingar og ráðgjöf fyrir innflytjendur væri í boði á einum, aðgengilegum stað, í sama anda og Alþjóðahúsið var og Reykjavíkurborg átti aðild að. Nú er þessi þjónusta í boði á mismunandi stöðum fyrir ólíka hópa og dreifð um landið. Slík upplýsinga- og þjónustumiðstöð gæti líka nýst sem vettvangur samskipta og til að efla starf samtaka innflytjenda. Fólk langar að vera virkir þátttakendur í samfélaginu og margir eru það. En óöryggi, ekki síst vegna tungumálsins, hindrar marga í að eiga frumkvæði að samskiptum.

Sérstök athygli var vakin á mikilvægi þess faglega og fjárhagslega stuðnings sem borgin veitir móðurmálskennslu fyrir börn innflytjenda. Þó kölluðu þátttakendur eftir auknu samstarfi og fjárhagsstuðningi við félög innflytjenda og gæti þurft að vekja frekari athygli á þeim samstarfs- og styrkjámöguleikum sem þegar eru til staðar hjá borginni þar sem hún býður upp á styrki til félagasamtaka, fyrirtækja og einstaklinga um uppbyggilega starfsemi og þjónustu í samræmi við stefnumörkun borgaryfirvalda.

Almennt er vel tekið á móti börnum innflytjenda, sérstaklega í leikskólum, en alltaf er hægt að gera betur. Vönduð móttaka og stuðningur í upphafi getur dregið úr eða komið í veg fyrir vandamál seinna meir. Þó þarf að varast að líta á börn innflytjenda sem einsleitán hóp. Meiri fordómar eru í garð sýnilegra innflytjenda en annara. Þörf er á símenntun fyrir alla starfsmenn skólakerfisins á sviði fjölmeningarfærni til að auðvelda vinnu starfsmanna og auka gæði hennar. Mikið var rætt um sýnleika innflytjenda hjá borginni og hve mikilvægt væri að fleiri einstaklingar með fjölbreytta tungumálakunnáttu ynnu hjá borginni, ekki síst í skólunum og þá í öðrum störfum en við ræstingar og í mötuneytum.

Mikilvægt er fyrir Reykjavíkurborg að halda þing sem þetta þar sem borgararnir hafi tækifæri til að koma með uppbyggilega gagnrýni á þjónustu borgarinnar og tillögur að úrbótum. Einnig kemur í ljós í umræðum sem þessum hvað af því góða starfi sem borgin er með skilar sér ekki til markhópana. Þátttaka á þinginu ætti líka að efla vitund þátttakenda um sjálfa sig sem Reykjavíkurbúa og virka samfélagsþegna sem hafi aðgang að stjórnsýslu borgarinnar og hlustað er á.